

**1981 nr. 60 4. júní****Lög um raforkuver**

■ [1. gr.] Iðnaðarráðherra er heimilt að veita Landsvirkjun leyfi til að reisa og reka eftirtaldir virkjanir:

1. Virkjun fallvatns sem veitt er um Vatnsfellsveitu úr Þórisvatni í Krókslón (Vatnsfellsvirkjun) með allt að 110 MW afli.

2. Virkjun á ármótum Köldukvíslar og Tungnaár við Búðarháls (Búðarhálsvirkjun) með allt að 120 MW afli.

3. Jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi við Námafjall (Bjarnarflagsvirkjun) með allt að 40 MW afli, að uppfylltum skilyrðum samkvæmt lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

□ Þá er iðnaðarráðherra heimilt að veita Rafmagnsveitum ríkisins í félagi með aðilum í Skagafirði leyfi til að reisa og reka virkjun Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði (Villinganesvirkjun) með allt að 40 MW afli.

□ Veiting leyfa skv. 1. og 2. mgr. er háð niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum og því að uppfyllt séu skilyrði annarra laga. Þá getur ráðherra sett nánari skilyrði í virkjunarleyfi.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 48/1999, 1. gr.

■ [2. gr.]<sup>1)</sup> Landsvirkjun er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar

— að stækka Hrauneyjafosvirkjun í allt að 280 MW afl,

— að stækka Sigölduvirkjun í allt að 200 MW afl,

— að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m.a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga,

— að virkja á ármótum Þjórsár og Tungnaár við Sultartanga (Sultartangavirkjun) með allt að 130 MW afli,

[— að stækka Búrfellsvirkjun í allt að 310 MW afl,

— að stækka Kröfluvirkjun í allt að 60 MW afl.]<sup>2)</sup>

□ Ríkisstjórninni er heimilt að semja við Landsvirkjun m.a. um að reisa og reka eftirtaldir vatnsaflsvirkjanir. Uns þeir samningar hafa tekist skulu Rafmagnsveitur ríkisins hafa með höndum rannsóknir, hönnun og undirbúningsframkvæmdir í nánú samráði við Landsvirkjun.

— Virkjun Blöndu í Blöndudal (Blönduvirkjun) með allt að 180 MW afli,

— virkjun Jökulsár í Fljótsdal (Fljótsdalsvirkjun) með allt að 330 MW afli,

— virkjun Héraðsvatna við Villinganes (Villinganesvirkjun) með allt að 40 MW afli.

□ [Iðnaðarráðherra er heimilt að veita Orkuveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með allt að 90 MW afli.]<sup>3)</sup>

□ Einnig getur ríkisstjórnin heimilað Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Hitaveitu Suðurnesja og/eða öðrum aðilum, er standa að virkjun jarðvarma, að reisa og reka jarðvarmavirkjanir til raforkuframleiðslu á háhitasvæðum eða stækka slík orkuver, sem fyrir eru, um samtals 50 MW, enda

fullnægi aðili skilyrðum sem ríkisstjórnin kann að setja fyrir slíkum heimildum í því skyni að tryggja hagkvæman heildarrekstur raforkukerfisins.

□ Virkjunaraðila er heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatna- og háhitasvæðum þeirra virkjana, sem lög þessi taka til, í því skyni að tryggja rekstur orkuveranna gegn truflunum og til að ná fram áætlaðri vinnslugetu.

□ Virkjunaraðila er einnig heimilt að reisa og reka orkuveitur til að tengja framangreind orkuver við núverandi landskerfi og Rafmagnsveitum ríkisins og/eða Landsvirkjun er heimilt að styrkja landskerfið að því marki, sem nauðsynlegt er talið til að flytja orkuna til afhendingarstaða út frá landskerfinu.

□ Ríkisstjórnin getur enn fremur heimilað Rafmagnsveitum ríkisins, Landsvirkjun og Orkubúi Vestfjarða að reisa varastöðvar með samtals allt að 50 MW afli á næstu 10 árum í því skyni að tryggja viðunandi öryggi notenda gagnvart bilunum.

<sup>1)</sup> L. 48/1999, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 74/1990, 1. gr. <sup>3)</sup> L. 80/2001, 1. gr.

■ [3. gr.]<sup>1)</sup> [Röð framkvæmda við virkjanir og aðrar stórfamkvæmdir í raforkumálum skal ráðast af væntanlegri nýtingu orkunnar og skal þess gætt að orkuöflunin verði með sem hagkvæmustum hætti fyrir þjóðarþúið. Við val á virkjunarkostum skal einnig leitast við að auka öryggi í vinnslu og flutningi á raforku um landið. Áður en iðnaðarráðherra ákveður röð framkvæmda skulu liggja fyrir greinargerðir frá Landsvirkjun, Orkustofnun og öðrum aðilum sem hann kveður til.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 48/1999, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 74/1990, 3. gr.

■ [4. gr.]<sup>1)</sup> Heimilt er að fella niður aðflutnings- og sölu-gjöld af efni, vélum og tækjum til virkjana og orkuveitna skv. [1. og 2. gr.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 48/1999, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 48/1999, 2. gr.

■ [5. gr.]<sup>1)</sup> [Virkjunar- og rekstraraðili skv. [1. og 2. gr.]<sup>2)</sup> er undanþeginn tekjuskatti, stimpilgjöldum, útsvari, aðstöðugjaldi og öðrum gjöldum til ríkis og sveitarfélaga að því er varðar framkvæmdir skv. [1. og 2. gr.]<sup>2)</sup> Þó skal greiða sveitarfélögum þau gjöld sem rekstraraðila er gert að greiða vegna húseigna samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 48/1999, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 48/1999, 2. gr. <sup>3)</sup> L. 108/1988, 20. gr.

■ [6. gr.]<sup>1)</sup> Ráðherra getur tekið eignarnámi eða heimilað virkjunaraðila að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda, samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnáms fari eftir lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Um mat eignarnámsbóta skal fara eftir ákvæðum 140. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

<sup>1)</sup> L. 48/1999, 1. gr.

[Ákvæði til bráðabirgða.

■ I. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 48/1999, 3. gr.

■ II. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 74/1990, brákv.